

# Tillaga um vinnulag við gerð menntastefnu Hafnarfjarðar

## Lykilþættir

- Hún taki gildi við upphaf skólaárs **2020-2021** og gildi til **2030** – endurskoðuð á fjögurra ára fresti.
- Hún taki ekki mið af verkefnum sviðsins alls en skilgreini það verkefni vítt, t.d. forvarnir og vellíðan, lýðheilsu, íþróttir og tómstundir.
- Hún eigi við um öll börn hjá **dagforeldrum, leik- og grunnskólum, tómstundamiðstöðvum í grunnskólum (frístundaheimili og félagsmiðstöðvar)** og öllum aðildarfélögum innan **IBH**
- Lagt er til að settur verði á laggirnar **stýrihópur** sem tekur til starfa eftir fyrsta fund fræðsluráðs í ágúst. Í stýrihópnum skulu sitja einn kjörinn fulltrúi frá hverjum þeim flokki sem á sæti í bæjarstjórn. Þá mun fræðslustjóri, þróunarfulltrúi leik- og grunnskóla sem og íþrótt- og tómstundafulltrúi eiga sæti í hópnum. Þá er einnig lagt til að hópurinn setji á stofn **starfshóp/rýnihóp** sem skipaður er sömu aðilum ásamt fulltrúum allra hagsmunahópa sem tilgreindir eru í kafla um hagsmunahópa.

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Lykilþættir.....  | 1  |
| Efnisyfirlit.....   | 2  |
| Inngangur .....   | 3  |
| 1. Skipulag og tímarammi .....                                | 5  |
| 2. Hagsmunaaðilar.....  | 7  |
| 3. Stýrihópar, starfhópar, samstarfsaðilar og leiðtogar ..... | 10 |
| 4. Upplýsingagjöf - kynningarefni .....                       | 10 |
| 5. Miðlun stefnu .....  | 11 |
| 6. Innleiðing .....   | 12 |
| 7. Fjármögnun og áætlanagerð .....                            | 14 |
| Lokaorð.....  | 15 |

## Inngangur

Lagt er til að menntastefnan beri heitið „Menntastefna Hafnarfjarðar“

Hefja skal undirbúningsvinnuna í ágúst 2019 og skal henni ljúka fyrir lok júní 2020. Stefnan nær til alls starfs með börnum frá 0-18 ára svo sem dagforeldra, starfsmanna og nemenda leik- og grunnskóla, frístundar, félagsmiðstöðva, tónlistaskóla Hafnarfjarðar og þeirra íþróttafélaga sem eru í ÍBH (Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar). Stefnan skal gilda í 10 ár eða til ársins 2030.

Samþykkja þarf erindisbréf og skipa í stýrihóp en í honum skulu sitja kjörnir fulltrúar allra flokka, fræðslustjóri, starfsmenn af fræðslu- og frístundasviði. Stýrihópurinn skal skipa í starfshóp, lagt er til að í honum sitji fulltrúar allra hagsmunahópa sem tilgreindir eru nánar í kafla um hagsmunahópa

Tilnefna þarf einn aðila (leiðtoga) innan hverrar skipulagsheildar sem hefur það verkefni að kynna vinnuna, kalla saman hóp innan sínar skipulagsheildar, miðla upplýsingum og taka þátt í innleiðingunni, skólastjóri hvers skóla tilnefnir leiðtoga.

Formaður starfshóps er tilnefndur af fræðsluráði. Hann boðar og stýrir fundum starfshópsins. Aðstoðarmaður sviðsstjóra ritar fundargerðir sem haldnar skulu yfir alla fundi hópsins. Fundargerðir starfshópsins skulu lagðar jafnóðum fyrir fræðsluráð og fylgja lokaskýrslu hans til fræðsluráðs. Fræðslustjóri sér um að halda utanum heildarvinnuna til að byrja með ásamt stýrihóp og starfsmönnum sviðsins.

Menntastefna Hafnarfjarðar á að hafa samhljóm með þeim gildandi lögum og reglugerðum sem gilda um nám, kennslu, frístundastarf og alla almenna vellíðan barna og ungmenna sem og stefnum sem bæjarfélagið hefur gengist við, eins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, heilsueflandi samfélag og öðrum stefnum bæjarfélagsins. Hafnarfjörður er heilsueflandi samfélag og skal stefnan taka mið af því í hvívetna. Menntastefnan skal vera leiðarljós ákvarðana sem teknar eru og tengjast málaflokknum. Hana þarf auk þess að vera hægt að máta við ákvörðunartökur sem teknar eru í öðrum verkefnum sem ekki tengjast beint þeim málum er stefnan tekur til. Hún skal taka mið af árangri og vellíðan og möguleikum til að efla einstaklinga í að geta á sem besta mögulega hátt uppfyllt þarfir sínar til að vaxa og dafna í síbreytilegu samfélagi. Hún skal horfa til framtíðarsamfélags. Auk þess sem stefnan þarf að taka mið af forvörnum (í víðu samhengi) og tryggja fræðslu um heilbriggt lífni og lýðheilsu sem og reyna að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði og heilsu barna. Huga þarf að sköpun, frelsi til athafna, hvíld, tómsundum, leik, gleði og geðrækt sem hæfa aldri hvers og eins og frjálsri þátttöku í menningu og listum.

Skilja þarf við vinnuna þannig að úr verði stefna sem allir geta samsamað sig við. Sem íbúar vita að er til, þekkja og geti vitnað í. Skjal sem starfsmenn og nemendur eru sáttir við að vinna eftir og eru stoltir af. Til að svo megi verða þurfa nemendur, starfsfólk og íbúar að hafa tekið þátt í stefnumótuninni,

eiga hugmyndir í henni og vilja vinna með hana. Allir þurfa að eiga hlutdeild í stefnunni og að hún geti mætt þeim áskorunum og örum samfélagsbreytingum sem eru og verða og þar með þeim hefðbundnu hugmyndum um uppeldisfræði og menntun sem sífellt taka breytingum.

Leiðir lærdómssamfélags skulu lagðar til grundvallar vinnu við stefnuna. Í lærdómssamfélagi lærir hver af öðrum og hver með öðrum til að bæta árangur í námi og starfi auk þess sem leiðir lærdómssamfélags eru árangursríkar í þróun til umbóta og árangurs.

*„Lærdómssamfélag er hópur fólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri árangri nemenda. Í því tilliti er leitað fanga innan og utan skólans“.*

Þegar ráðast á í umbætur í skólastarfi, hvort sem um er að ræða þróun lærdómssamfélags eða eitthvað annað, vaknar spurning um það hver ávinningurinn verður. Skilvirkur skóli er skóli sem gengur vel að ná markmiðum sínum. Þróun skóla í átt að lærdómssamfélagi byggist á samspili ýmissa þátta innan og utan skólans. Þetta leiðir til umbóta á starfinu sem hefur bein áhrif á nemendur og stuðlar þannig að betri árangri (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013, bls.37).

Mikilvægt er að áhersla sé á vellíðan, vöxt og nám. Sameiginleg sýn á það ástand sem á að skapa til að ná markmiðum og vinna við að ná sameiginlegum gildum og væntingum fram hjá öllum hagsmunahópum svo skuldbinding til að leggja sitt af mörkum til stöðugrar þróunar er mikilvæg.

### **Stýrihóp um gerð menntastefnu skipa:**

Kristín María Thoroddesn, formaður fræðsluráðs

Margrét Vala Marteinsdóttir, fulltrúi úr fræðsluráði

Sigrún Sverrisdóttir, fulltrúi úr fræðsluráði

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Geir Bjarnason, íþróttá og tólmstundafulltrúi

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla

# 1. Skipulag og tímarammi

Lagt er til að vinna við menntastefnu Hafnarfjarðar ljúki fyrir miðjan júní 2020.

Lagt er til að skipað verði í stýrihóp á fyrsta fundi fræðsluráðs eftir sumarfrí, sem í sitja fulltrúar allra flokka sem sæti eiga í bæjarstjórn, fræðslustjóri, þróunarfulltrúar leik-og grunnskóla og forvarnarfulltrúi. Erindisbréf skal liggja fyrir á fundi fræðsluráðs þann 19. júní.

Eftirfarandi tímalína er lögð til við skipulag við gerð menntastefnu á skólaárinu 2019-2020:

|  | Ágúst | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Feb. | Mars | Apríl | Maí | Júní |
|--|-------|-------|------|------|------|------|------|------|-------|-----|------|
| 1 Vinna í stýrihóps byrjar             | ■     |       |      |      |      |      |      |      |       |     |      |
| 2 Velja stjórnendaleiðtoga             | ■     |       |      |      |      |      |      |      |       |     |      |
| 3 Kynningarbréf sent út                | ■     |       |      |      |      |      |      |      |       |     |      |
| 4 Kynningarfundir fyrir starfsmenn     | ■     |       |      |      |      |      |      |      |       |     |      |
| 5 Vinna í starfshópi hefst             |       | ■     |      |      |      |      |      |      |       |     |      |
| 6 Boða til og halda opinn íbúafund     |       | ■     |      |      |      |      |      |      |       |     |      |
| 7 Opna rafrænan samráðsvettvang        |       | ■     |      |      |      |      |      |      |       |     |      |
| 8 Stefnumótunarfundir með hagsmunaað.  |       |       | ■    | ■    |      |      |      |      |       |     |      |
| 9 Rýnihópafundir á fundagögn           |       |       |      | ■    | ■    |      |      |      |       |     |      |
| 10 Flokka og greina gögn frá fundum    |       |       |      |      | ■    | ■    |      |      |       |     |      |
| 11 Kynnt drög að stefnumótun           |       |       |      |      |      |      | ■    |      |       |     |      |
| 12 Endurskoða drög og fullklára stefnu |       |       |      |      |      |      |      | ■    | ■     |     |      |
| 13 Drög lögð fyrir fræðsluráð          |       |       |      |      |      |      |      |      |       | ■   |      |
| 14 Stefna samþykkt í bæjarstjórn       |       |       |      |      |      |      |      |      |       |     | ■    |

- Vinna í stýrihópi byrjar, ágúst** – Stýrihópur fundar um miðjan ágúst og lagt er til að hann fundi að meðaltali 1x í mánuði . Hópurinn þarf að undirbúa fund með öllu starfsfólki allra skipulagsheildanna þar sem verkefninu er hrundið af stað. Halda skal 2-3 fundi á vinnutíma og utan vinnutíma til að gefa sem flestum færi á að mæta.
- Kynningarbréf, ágúst**– senda út bréf til allra starfsmanna grunn- og leikskóla, frístunda, Tónlistaskólans IBH og annarra starfsmanna bæjarins þar sem kynnt er hvaða vinna sé í vændum. Hver markmiðin eru og hvernig nálgast á þau og vinna.
- Velja stjórnendaleiðtoga, september** – skólastjóri eða yfirmaður situr í stjórnendaleiðtogateymi eða skipar annan í staðin fyrir sig.
- Kynningarfundir fyrir starfsfólk, ágúst/september** -opnunarfundur, halda skal tvo fundi, með dags millibili. Boða skal alla starfsmenn skipulagsheildanna á fundinn, fulltrúa í foreldraráðum/skólaráðum, fræðsluráði, öðru starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar ofl. ef þörf er á.
- Vinna í starfshópi hefst, sep** – Starfshópur fundar einu sinni í mánuði að meðaltali.
- Boða til og halda opinn íbúafund, sep/okt** – Íbúafundur þar sem kynnt er sú vinna sem farið verður í og hvernig ferlinu verður háttað. Mikilvægt að heyra raddir íbúa.

7. **Opna rafrænan samráðsvettvang, sept/okt.** hugsanlega nota <https://betri-hafnarfjordur.betrailand.is/community/28>
8. **Stefnumótunarfundur með hagsmunaaðilum, okt. – nóv.** Boða til funda með hagsmunaaðilum sem tilgreindir eru hér að ofan. Mikilvægt að raddir allra fái að heyrast, unga sem aldna. Fjöldi funda ekki ákveðinn. Stýrihópur undirbýr fundi og skipar aðila til að stýrir þeim og sér til þess að gögnum af fundi sé safnað saman svo sé hægt að vinna með gögn að loknum fundi.
9. **Rýnihópafundur með einstaka hópum, okt.-nóv.** – Funda með hópum sem þörf er á að heyra vel í.
10. **Flokka og greina gögn frá fundum, des. - jan.** - Flokka gögn frá stefnumótunar- og rýnihópafundum
11. **Kynna drög og fullklára stefnu, feb-** kynna drög að menntastefnu Hafnarfjarðar
12. **Endurskoða drög og fullklára stefnu, mars - apríl-** taka tillit til athugasemda og fullklára stefnu
13. **Drög lögð fyrir fræðsluráð, maí** – Menntastefnan kynnt fyrir fræðsluráði, hagsmunahópum og þeim sem að stefnunni hafa komið. Drög samþykkt í fræðsluráði og vísað til bæjarstjórnar.
14. **Menntastefna Hafnarfjarðar lögð fram til samþykktar í bæjarstjórn, júní** – vinnu starfshópa lokið.

## 2. Hagsmunaaðilar

Í Hafnarfirði búa um 30 þúsund íbúar sem hver og einn hefur hag af því að búa í samfélagi þar sem aðgengi er að dagforeldrum, reknir eru leik- og grunnskólar, tónlistarskóli, frístundaheimili og íþrótt- og æskulýðsstarf. Hver íbúi hefur sínar væntingar til bæjarfélagsins og þeirrar þjónustu sem það veitir og því mikilvægt að heyra væntingar allra hagsmunahópa.

Lagt verður til að menntastefnan nái til allrar menntunar í Hafnarfjarðar en leggi áherslu á börn frá **0-18 ára aldurs**. Mikilvægt er að samfella sé á milli skólastiga, samspil milli námsgreina og tengsl við samfélag framtíðarinnar þegar kemur að því að vinna menntastefnuna, en hún þarf að höfða bæði til ungra barna, til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í átt að sjálfstæði sem og stálpaðri ungmenna. Hún þarf að endurspeglar þverskurð hafnfirskis samfélags og vera sameiningartákn bæjarbúa. Hagsmunahóparnir eru fjölmargir en á bak við hvern hagsmunahóp eru hagsmunaaðila. Aðstandendur eru mikilvægur hópur þar sem um er að ræða stefnu sem fjallar um börn og ungmenni. Það má þó ekki gleyma því að börn hafa rödd, skoðanir og langanir. Mæta þarf þeim á þeirra vettvangi og tryggja að rödd þeirra tali inn í stefnu bæjarfélagsins til framtíðar. Réttur barna og ungmenna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif skal vera virtur og tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um stefnuna.


Áhersla verður lögð á að vera í miklu og góðu samtali og samstarfi við alla hagsmunahópa. Til þess að svo megi vera þarf að halda íbúaþing þar sem hugmyndir og skoðanir íbúa fá að hljóma. Taka þarf saman niðurstöður af fundum sem haldnir verða og unnið með gerð stefnunnar út frá þeim gögnum. Kalla þarf saman rýnihópa þar sem leitast er við að fá fram hvað menntastefna á að innihalda, hvert Hafnarfjörður stefnir og hver framtíð okkar hér í bæjarfélaginu er á hvaða aldri sem við erum. Til að ná fram skoðunum og viðhorfi bæjarbúa og hagsmunahópanna þarf að auglýsa fundina vel, í bæjarblöðum og á vefsvæðum sem Hafnarfjarðarbær býr yfir. Halda þarf fundina á óháðum stöðum þar sem aðgengi er gott. Kynna þarf verkefnið vel á öllum starfsstöðvunum og hvetja fólk til þátttöku, börn, starfsfólk og forráðamenn.

Lagt er til að stefnan afmarkist annars vegar við þær skipulagsheildir sem eru á forræði bæjarfélagsins, en þær eru:

- Dagforeldrar
- Leikskólar
- Grunnskólar
- Frístund
- Tónlistarskóli
- ÍBH – Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Og hins vegar skipulagsheildir sem ekki eru á forræði bæjarins en sinna fræðslu og menntun barna 15 til 18 ára í bæjarfélaginu.

- Framhaldsskólar
  - Flensborgarskóli
  - Tækniskólinn



Til að ná sem bestu og breiðustu sátt um verkefnið er lögð sérstök áhersla á að samtal og samráð sé haft á öllum stigum vinnunnar. Lögð er mikil áhersla á opna fundi en jafnframt er lagt til að fundað sé með einstaka hagsmunahópum eftir þörfum í smærri einingum eða stærri eftir því um hvaða hóp ræðir.

Fjölmarginir hagsmunahópar þurfa að koma að gerð vinnunnar með einum eða öðrum hætti. Enginn einn hópur er mikilvægari en annar og er það því á ábyrgð stýrihópsins að tryggja að allir fái svigrúm til að tjá sig og fái að setja mark sitt á stefnuna.

Þeir sem helst eiga að koma að gerð menntastefnunnar eru eftirfarandi :

**Nemendur, starfsfólk, foreldrar/forráðamenn.** Leggja þarf áherslu á að ná sem mestu samtali við alla hagsmunaaðila, með þeim aðferðum sem henta hverjum og einum hóp.



Hóparnir eru eftirfarandi:

- Grunnskóli, leikskóli, frístund, félagsmiðstöð, tónlistarskóli
  - Nemendur
  - Allt starfsfólk leik – og grunnskóla
  - Foreldrar
  - Foreldrafélög /skólaráð

Einnig er mikilvægt að ná samtali til ákveðna hópa eins og:

- Foreldraráð Hafnarfjarðar
- Starfsfólk fræðslu- og frístundarþjónustu
- Starfsfólk fjölskylduþjónustu
- Barnavernd Hafnarfjarðar
- Bæjarbúa
- Íþróttafélög, IBH
- Ungmennahús
- Ungmennaráð
- Flensborg
- Ráðgjafaráð fatlaðra
- Fjölmeningarráð
- Heilsugæslu
- Fjölskylduþjónustu
- Kjörna fulltrúa
- Önnur svið bæjarins

Taka þarf tillit til eftirfarandi stefnuþátta og samþykktá sem bæjarfélagið hefur gert og mun gera á tímabilinu, við gerð menntastefnunnar, en þau eru meðal annars:

- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
- Heilsueflandi Hafnarfjörður

### 3. Stýrihópar, starfhópar, samstarfsaðilar og leiðtogar

Mikilvægt er að skipa í samráðs-/vinnuhópa og er lagt til að hóparnir séu eftirfarandi:

- a. *Stýrihópur*: Stýrir vinnunni og er skipaður fulltrúum frá öllum kjörnum flokkum, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu, þróunarfulltrúum leik- og grunnskóla, íþrótt- og tómstundafulltrúi og ritari hópsins sem sviðsstjóri skipar. Hópurinn hittist mánaðalega frá ágúst 2019 til júní/júlí 2020.
- b. *Starfshópur*: Stýrihópur sér um að skipa í starfshóp en lagt er til að í starfshóp skuli sitja fulltrúar hagsmunaaðila og aðilar úr stýrihópi sem gefa álit á drögum/mótun stefnunnar og móta vinnuferlið, áherslur og hugmyndir að leiðum með stýrihópi.
- c. *Samstarfsaðilar*: Sérfræðingar, hagsmunaaðilar og starfsfólk munu koma að vinnunni og verða kallaðir til, til að leggja til áherslur, álit, hugmyndir og leiðir. Meðal annars verður samráðsvettvangur, stafrænir og efnislegir, málþing, heimskaffi o.fl. nýtt til gagnaöflunar.
- d. *Leiðtogar*: Tengiliðir í allar starfseiningar bæjarins til að styðja við innleiðingu. Skipaðir af skólastjórnendum eða deildarstjórum hvernar skipulagseiningar.

### 4. Upplýsingagjöf - kynningarefni

Leggja þarf mikla áherslu á að upplýsingagjöf sé öflug, bæði áður en hafist er handa við vinnslu stefnumótunarinnar, strax næsta haust og á meðan á ferlinu stendur. Allar upplýsingar og kynningarefni þarf að vera skilmerkilega framsett, stutt og hnitmiðað, einfalt, auðvelt til aflestrar, á fleiri en einu tungumáli og með myndmáli. Lagt er til að upplýsingagjöfin sé með eftirfarandi hætti í þeirri tímaröð sem hún á við :


- Opið bréf sent til allra stjórnenda skipulagseininganna sem og forsjáraðila hagsmunahópanna þar sem kynnt er hvað er í vændum. Bjóða starfsfólki og öðrum upp á að senda póst ef einhverjar spurningar vakna.
- Opnir fundir auglýstir í bjarblöðum, á heimasíðu og Facebook síðu sveitarfélagsins.
- Velja staðsetningu og tímasetningu fyrir opna fundi af kostgæfni.
  - Aðgengi fyrir fatlaða
  - Bjóða upp á túlk
  - Staðsetning verður að vera hlutlaus
  - Tímasetning fer eftir hagsmunaaðilum
- Opna rafrænan samráðsvettvang þar sem opið er fyrir athugasemdir, spurningar og tillögur.

## 5. Miðlun stefnu

Miðla þarf menntastefnu Hafnarfjarðar með ákveðnum og öruggum hætti þegar hún liggur fyrir, bæði til þeirra sem munu vinna með hana, fyrir þá sem hún á nær til sem og annarra íbúa. Lagt er til að með henni fylgi greinargerð sem útlísi með ítarlegum hætti stefnuna sjálfa, markmið hennar og gildi ásamt því að gerð verður grein fyrir því hvernig hún verður innleidd. Gefa þarf út bækling með stefnunni, litríkan, myndrænan og einfaldan með stuttum skilaboðum og myndmáli. Hann þarf að þýða yfir á tvö önnur tungumál, ensku og pólsku og fleiri tungumál ef þörf er á. Bæklingurinn þarf að vera auðlesinn svo yngri börn geti lesið hann og tileinkað sér það sem í honum stendur. Myndir skulu vera úr hafnfirsku skóla- og frístundastarfi, í samvinnu við persónuverndarfulltrúa Hafnarfjarðar. Skal bæklingurinn vera prentaður á umhverfisvænan pappír og endurvinnanlegan. Heimili hvers og eins barns á aldrinum 0-18 ára fær hann afhentan en jafnframt væri gott ef til er nægilegt fjármagn til dreifingar á öll heimili í Hafnarfirði. Hver starfsmaður leik- og grunnskólans, frístundar, tónlistarskólans og dagforeldri, á að fá eintak ásamt starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar og kjörinna fulltrúum. Hann þarf að vera sýnilegur og aðgengilegur á heimasíðu Hafnarfjarðar. Eftir samþykkt bæjarstjórnar skal boða til opins íbúafundar með íbúum, starfsfólki skipulagsheildanna og nemendum ásamt starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar þar sem hann er formlega kynntur og haldið verður upp á útgáfu og tilvist hans með eftirtektarverðum hætti. Jafnframt skal tryggja að fjallað verði um hann í bæjarblöðum og þar sem því verður komið við.

## 6. Innleiðing

Tillaga er gerð um að vinnan við menntastefnu og innleiðingu hennar, sem er nátengt, taki mið af eftirfarandi:



1 **Gildi**, grunnviðhorf til menntunar.


2 **Leiðarljós**, karakter skólakerfis/einstaklinga til að fylgja gildum eftir.

3 **Sýn**, um þá þætti sem þarf að horfa á í að skilgreina inntakið í menntastefnunni.

4 **Stefna**. Þeir stefnuþættir sem skulu mynda inntak stefnunnar. Þessir þættir mynda saman „húsið“ hér ofar. Fjöldi þátta í einstaka hlutum, *gildi*, *leiðarljós*, *sýn*, *stefna*, er óskilgreindur þótt af myndinni hér að ofar megi ætla að fjöldi sé takmarkaður innan hvers flokks. Svo er ekki og verða þeir að sjálfsgöðu til í stefnumótunarvinnunni. Inntak stefnumótunarinnar.

Innleiðingin sjálf felur í sér tvo þætti, þ.e. undirbúning og framkvæmd. Undirbúningur verður mestur í upphafi og minnkar eftir því sem líður á innleiðingartímann og innleiðingarverkefnum fjölgar eða fá meira vægi eftir því sem líður á innleiðingartímann. Hvað árangur innleiðingar áhrærir má ætla að

stöðugt sé verið að meta árangur einstakra aðgerða og í lok innleiðingartímans skuli hugað að því hvernig stefnan komst í innleiðingu.



## 7. Fjármögnun og áætlanagerð

Tryggja þarf að fjármagn fylgi verkefninu. Það er á ábyrgð fræðsluráðs að tryggja fjármagn í til þeirra þátta sem bent er á hér að neðan. Lögð verður áhersla á að nýta sem best þá innviði sem Hafnarfjarðarbær býr yfir eins og húsakost fyrir fundi og þá vefmiðla sem nú þegar eru til staðar.

- Prentkostnaður
- Kostnaður við auglýsingar og annað kynningarefni
- Fundargögn
- Laun starfshóps
- Þýðing

## Lokaorð

Það er skylda okkar að tryggja að bæjarfélag hlúi að börnum sínum sé, nærandi og heiðarlegt og að íbúar séu sammála í megindráttum um „stóru“ málin líkt og menntamál. Það er vel ljóst að aldrei verður hægt að gera stefnu sem allir verða sáttir við, en með því að vinna með heiðarlegum hætti að undirbúningi og innleiðingu er hægt að komast eins nálægt fullkomnun og mögulegt er.

Lögð er áhersla á að börnin séu í brennidepli og að þau eigi sér rödd inn í stefnunni. Mikilvægt er að mikið og gott samtal verði við fulltrúa allra hagsmunahópa og að íbúasamtal sé virkt, bæði með opnum fundum og með rafrænum hætti eins og lagt er til hér í greinagerðinni.

Menntastefnan á að endurspegla þverskurð hafnfirsks samfélags ekki einungis hvað nemendur og íbúa varðar heldur einnig starfsmenn þeirra starfsstöðva sem stefnan nær til, en hún þarf einnig að tala inn í fleiri stefnur bæjarins og vera sameiningartákn bæjarbúa með einum eða öðrum hætti.